



Steinn Steinarr. Ljósmynd: Jón Kaldal.



Kristín Tómasdóttir



Etelríður Pálsdóttir

Eitt þekktasta ljóð Steins hljóðar svo:

*Það vex eitt blóm fyrir vestan  
og vornóttin mild og góð  
kemur á ljósum klæðum  
og kveður því vögguljóð.*

*Eg ann þessu eina blómi,  
sem aldrei eg fékk að sjá.  
Og þangað horfir minn hugur  
í hljóðri og einmana þrá.*

*Og því geng eg fár og fögur  
með framandi jörð við il.  
Það vex eitt blóm fyrir vestan  
og veit ekki, að eg er til.*

Skáldið Steinn Steinarr var skírður Aðalsteinn og var Kristmundsson. Hann fæddist að Laugalandi í Nauteyrarhreppi þann 13. október 1908. Foreldrar hans voru Etelríður Pálsdóttir og Kristmundur Guðmundsson. Etelríður fæddist að Bæjum á Snæfjallaströnd. Þau Kristmundur kynntust er þau voru í húsmennsku á Tirðilmýri og þar giftu þau sig 1902. Foreldrar Etelríðar hétu Páll Andrésson og Steinunn Magnúsdóttir. Þau voru í húsmennsku í Unaðsdal en höfðu nýlega flutt sig til Pálma Árnasonar hreppstjóra í Bæjum og konu hans Sigríðar Margrétar Jónsdóttur þegar þeim fæddist dóttirin Etelríður veturinn 1882. Hún var skírð eftir bústýrunni á Bæjum sem þá hafði nýlega látist aðeins 31 árs gömul úr mislingum. Steinunn veiktist svo illa við barnsburðinn að Etelríði var komið í fóstur á Laugalandi í Nauteyrarhreppi hjá bóndanum þar, Kristjáni Ólafssyni og konu hans Guðrínu Finnsdóttur. Í manntali 1884 eru þau Páll og Steinunn skráð í Bæjum, en ekkert fjögurra barna þeirra hjá þeim. Ári síðar eru þau farin frá Bæjum. Kristmundur faðir Steins var af Ormsætt frá Fremri Langey í Skarðstrandarhreppi í Dalasýslu.

Þau Kristmundur og Etelríður voru í húsmennsku á nokkrum bæjum í Snæfjalla- og Grunnavíkurreppum á árunum 1902-1906, á Tirðilmýri, Snæfjöllum, Sætúni og Höfðaströnd I. Á þeim árum fæddust þeim tvær dætur, Lára og Steinunn Guðrún, en fjölskyldan bjó við sífellt versnandi kjör. Það varð til þess að þau leituðu á náðir Kristjáns fóstura Etelríðar á Laugalandi, sem þá var orðinn ekill. Þar bjuggu þau næstu fjögur árin og á þeim tíma fæddust synirnir Magnús Hjörtur og Aðalsteinn (sem síðar kallaði sig Stein Steinarr) og dóttirin Valbjörg. Aðalsteinn átti upphaflega að heita Kristján eftir fóstura Etelríðar, en ráðsmaður á bænum Skjaldfönn sem þá hafði nýlega látist vitjaði nafns hjá henni. Vorið eftir fæddist sveinbarn á Skjaldfönn og var það einnig skírt Aðalsteinn, en sá var lengi bóndi á Skjaldfönn. Hagur fjölskyldunnar vænkaðist hinsvegar ekki og samkomulag þeirra hjóna var ekki gott. Úr varð að þau voru flutt hreppaflutningum árið 1910 ásamt þremur af fimm börnum sínum í fæðingarsveit föðurins, Saurbæjarhrepp í Dalasýslu. Magnús Hjörtur varð eftir á Laugalandi og eftir að Kristján bóndi lést var hann í fóstri á Rauðamýri. Elsta dóttirin Lára, var send heilsuveil til Ísafjarðar þar sem hún lést átta ára gömul. Aðalsteinn Kristmundsson var því fluttur hreppaflutningum úr Ísafjarðardjúpi í Dalina tveggja ára gamall. Fjölskyldan sundraðist er hún var sögð á hreppinn og ólst Steinn upp að Miklagarði í Saurbæjarhreppi hjá Kristínu Tómasdóttur sem gekk honum í móður stað. En í Djúpið kom Steinn oft síðar og var m.a. á æskuárum vinnumaður á Laugabóli í Nauteyrarhreppi hjá Höllu skáldkonu og kynntist þar m.a. Sigvalda Kaldalóns.

Heimild: Gylfi Gröndal, *Steinn Steinarr. Leit að ævi skálds*. JPV útgáfa. Reykjavík, 2001.



Laugaland, fæðingarstaður Steins. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.

# Steinn Steinarr AETT og uppruni